Samþykkt þann
08. FEB. 2023
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði





Byggingarlýsing Selhella 7 MHL 02, landeignanr: L204703.

11.12.2022 Sótt er um að stækka skrifstofur inn í skot í MHL 02. Stækkunin er á tveim hæðum, grunnflötur 92,5 fermetrar og er því samtals stækkun 185,0 fermetrar og 6161,1 rúmetrar. Bætt er við flóttastiga og 6 bifreiðastæðum og er þá eftir sem áður eitt stæði á hverja 30 fermetra húsnæðis eða 101 stæði í allt samanber uppfært bílastæðabókhald hér fyrir neðan. Jafnframt er hætt við áður samþykkta stækkun anddyris og rýmis ofan þess frá því í mars 2022. **E02.03.2022.** Sótt er um að stækka aðal anddyri gera svalir ofan á anddyrinu og stækka setustofu við svalir á 2.hæð. Samtals stækkar húsið um 29,1 m2 og 61,2 m3.
Stækkunin verður nýtt fyrir svokölluð "pakkabox" sem er sjálfafgreiðslubjónusta við afhendingu sendinga. Anddyrið fer nú örlítið út fyrir byggingarreit. Bílastæðaþörf verður 98 bifreiðastæði, 1 stæði á hverja 30 fermetra byggingar og eru þau sýnd á uppdrætti. Hún var 97 stæði fyrir breytingu, án viðbyggingar.

Eldri byggingarlýsing matshluta 02 sem áður hét Selhella 9 og var með landeignanr: L204705, 24.12.16. Reyndarteikningar. Sótt er um lítilsháttar breytingar í samræmi við ýmsar smáatriðarslur sem notendur hafa gert. Meðal annars er geymsla sem áður var notuð sem hleðslurými fyrir lyftara stækkuð og aftur tekin í notkun sem lyftarahleðslurými. Einnig er sett gönguhurð á skoðunarrými tollstjóra og stigi upp á millipall fæður lítillega til.

23.02.16 Sótt er um að breyta áður samþykktum uppdráttum þannig að nokkur smárými bætist inn í viðbyggingu á 1. hæð. Við það stækkar millipallur yfir þeim lítillega.

25.08.11 Sótt er um að breyta áður samþykktum uppdráttum þannig að í stað nýbyggingar á lóð komi viðbygging við húsið. Þannig verði aðeins einn matshluti á lóðinni, matshluti 01.
20.06.11 Sótt erum að breyta áðursamþykktum uppdráttum lítillega. Inntaksrými nýbyggingar, matshluta 02, er nú staðsett í matshluta 01 í rými sem hýsir sprinklkerfi fyrir bæði húsin. Einnig bætast tveir millipallar við í eldra húsi, matshluta 01.
02.02.11; Sótt erum að breyta áðursamþykktum uppdráttum lítillega. Innkeyrsludyr eru fjarlægðar á norðurhlið, dyr á austurhlið færðar, skrifstofa fjarlægð og inntaksrými fæst. Stærðir breytast ekki.
06.12.07; Sótt er um að byggja 1068,6 m2 nýbyggingu á lóðinni Selhellu 9. Húsið hýsir starfsemi Hraðflutninga ehf (Fedex á Íslandi) og Icecargo ehf eins og sú bygging sem fyrir er á lóðinni. Mun húsið nýtast fyrir sjófragt.

Eldri lýsing:
Útveggir hússins eru byggðir sem stálveggir, sem eru einangraðir með 60 mm í geymslu / flokkunarsal, en 150 mm í skrifstofuhluta. Ytra og innra byrði geymslu/flokkunarsalar er stálklæðning, hvít að lit að innan en silfurgrá að utan. Innra byrði skrifstofuhluta er gifsklætt. Gólf á fyllingu er steypt.

Þak hússins er borið uppi með stálsperrum. Milli þeirra liggur trapissuformað stál sem ber 200 mm steinullareinangrun, lagt pappa að utan með bræddri þéttingu á samskeytum.

Innveggir eru léttir timbur- eða stálgrindarveggir, eftir aðstæðum, klæddir gifsplötum.

Lagnir eru utanáliggjandi og er húsið hitað upp með hitaveitu og í því er loftræstikerfi eftir því sem við á. Gluggar eru í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler er tvöfalt, hljóðeinangrað í samræmi við byggingarreglugerð, K-gler eða sambærilegt. Innanmál útdyra er meira enn 90 cm. Innanmál annarra dyra er meira en 80 cm.

Bílastæðabókhald: Á lóðinni er fyrir 2921,7 fermetrar skrifstofu-, lager- og flokkunarrými. Viðbygging er 185 fermetrar. Samtals verða á lóðinni 3106,7 fm af skrifstofu-, lager- og flokkunarrými. Þetta þýðir að það þarf 104 bifreiðastæði. (1 stæði á hverja 30 m2 skv. skilmálum) Á teikningum eru sýnd 104 stæði, þar af eitt stæði fyrir fatlaða á gangstétt. Bílastæði verða merkt (ekki máluð) fyrir starfsmenn og gesti eftir því sem þörf er á. Í fyrstu verða merkt 22 stæði fyrir starfsmenn og fjögur fyrir gesti, þar af eitt fyrir fatlaða á gangstétt.
Einnig verða 39 bifreiðastæði á þeim lóðarhluta sem áður hét Selhella 7 en tilheyrir nú sameinaðri lóð Selhellu 7-9. Því er gert ráð fyrir 143 bifreiðastæðum á sameinaðri lóð Selhellu 7-9.

Húsnæðið er skilgreint undir vörugeymslur / vöruflokkun. Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðiseftirnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Mengunarvarnabúnaði á fráveitu verður komið fyrir í samræmi við ákvæðun heilbrigðisnefndar.

Gert er ráð fyrir að hitastig í geymslu / flokkunarsal og móttöku / vöruhóteli verði ekki hærra en 18° C.

U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir:	W/m2K
Ti >= 18°C (Skrifstofur)	
Þak	0.2
Léttir útveggir	0.3
Gluggar (karmar, vegið meðaltalglers, K-gler)	2.0
Hurðir	3.0
Gólf	0.3
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir)	0.85
18° > Ti >= 10°C (Vörumskemma)	
Þak	0.3
Léttir útveggir	0.4
Gluggar (karmar, vegið meðaltalglers, K-gler)	3.0
Gólf	0.4

Helstu stærðir:

Núverandi hús Hraðflutninga (án stækkunar sem sótt er um):	
rúmmál (án áður samþykkts stækkaðs anddyris sem hætt hefur verið við)	17.798,1 m3
flatarmál (án áður samþykkts stækkaðs anddyris sem hætt hefur verið við)	2.921,7 m2
Ný viðbygging sem sótt er um núna:	
Aukning rúmmáls	616,1 m3
Aukning flatarmáls	185,0 m2

Samtals:	
Heildarrúmmál bygginga á lóð eftir breytingu (skrifstofur stækkaðar ekki anddyri)	8414,2 m3
Heildarflatarmál húss eftir breytingu (D-8, skrifstofur stækkaðar, ekki anddyri)	3106,7 m2
B-rými	3,8 m2
Heildarflatarmál húss eftir breytingu með B-rýmum (D-8)	3110,5 m2
Anddyristækkun sem gatnagerðargjöld hafa verið greidd af (kemur til frádráttar)	**28,1m2**
Stækkun sem sótt er um nú	**185,0 m2**
Stækkun sem kemur til greiðslu gatnargerðargjalda nú	**155,9 m2**
Flatarmál lóðar	9169,7 m2
Nýtingarhlutfall m B-rýmum (3110,5/9169,7)	0,3392

Selhella 9 Hafnarfirði
Brunavarnir

Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun Eflu dags. 08.09.2011 sem breytist ekki við stækkun anddyris 3.2.2022 eða stækkun húss um 185 m2 11.12.2022.

Notkunarflokkur
- Byggingin er í notkunarflokki 1.

Notkunarskilmálar
- Byggingin verði notuð til geymslu og dreifingar á almennum neysluvörum. Ekki er um að ræða geymslu á sprengifimum vörum né eldfimum vökvum.
- Gerð og uppröðun vöru fylgi eftirfarandi forsendum fyrir hönnun vatnsúðakerfis:

Svæði	Flokkun vöru	Mesta stöðlunarhæð	Áhættuflokkur
Vörulager, bretta rekka	Category II / III	1 m undir úðahöfði	HHS
Vörulager án rekka	Category II Category III	4,1 m frá gólfi 2,9 m frá gólfi	HHS
Skrifstofur	Category II	0,5 m undir úðahöfði	OH1
Tæknirými og geymslur	Category II/ III	0,5 m undir úðahöfði, 2,1 m frá gólfi	OH3

Brunahólfun
- EI 60 veggur með og EI2 60-CSm hurðum milli vöru- og skrifstofuhluta.
- Tæknirými og lyftarahleðsla eru brunahólf EI 60 með EI2 30-CSm hurðum.
- Inntaksrými úðakerfis er EI 60 brunahólf með aðkomu að utan.

Burðarvirki
- Burðarvirki þaks og útveggja er óeinangrað stálvirki.
- Burðarsúlur í lager verða varðar gegn staðbundnum bruna með vatnskælingu.
- Burðarvirki milligólfs eru R 30.

Klæðningar
- Innan á útveggjum er stálklætt yfirborð samlokueininga með PUR einangrun.
- Aðrar klæðningar innanhúss verða í flokki 1.
- Gólfefni í flokki G.

Útveggir og þök
- Óbrennanleg einangrun er í þaki. Þakefni í flokki T.
- Útveggir eru úr viðurkenndum PIR/PUR stálsamlokueiningum sem uppfylla a.m.k. Euroclass flokk B-s2,d0 skv. ÍST EN 13501-1.

Flóttaleiðir
- Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra.
- Rennihurðir í flóttaleið skulu (á afgreiðslutíma) opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi og við straumrof. Frágangur skv. leiðbeiningu Mannvirkjastofnunar.

ÚT-ljós og neyðarlýsing
- skv. leiðbeiningu 160.BR3, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

Slökkvikerfi
- Vatnsúðakerfi verður í allri byggingunni, skv. reglugerð nr. 245/1994.
- Kerfið skal tengja viðurkenndri vaktstöð.

Brunaviðvörunarkerfi
- Brunaviðvörunarkerfi verður í allri byggingunni skv. reglum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54.

Handslökkvibúnaður
- Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.

Reyklosun
- Í eldri hluta eru 25 m2 ofanljós úr plasti til reykræsingar.
- Í viðbyggingu verða a.m.k. 4 m2 reyklúgur með bræðivari.

Loftræsikerfi
- Bruna- og reyklokur verða í brunahólfandi skilum.
- Loftinnblástur skal stöðvast við reykboð frá loftinntaki eða brunaviðvörunarkerfi.

Viðhald brunavarna
- Gera skal þjónustusamning við viðurkennda þjónustuaðila um eftirlit og viðhald á vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsingu, handslökkvibúnaði og rafdrifnum rennihurðum.
- Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna.

SHS
07. feb. 2023

Árni Árnason
Yfirfarið af
brunahönnuði
2023-02-23

BREYTINGAR

NR.	DAGS.	BREYTING	Sþ.
01	21.08.06	Hús lækkað, sorpi skýlt, snið svert, byggingarlýs.	
02	28.08.06	Texti um brunavarnir uppfærður	
03	28.08.06	Klæðningu snúið	
04	28.01.07	Innra fyrirkomulagi skrifstofa breytt	
05	22.01.08	Nýbygging á lóð	
06	30.03.08	Skrifstofur í nýbyggingu fjarlægðar	
07	02.02.11	Dyrum, inntaksrými br. Skirfst. fjart.	
08	20.06.11	Innra fyrirkomulag, millipallur mhl.1 off.	
09	25.08.11	Nýbyggingu breytt í viðbyggingu	
10	23.01.16	Smárýmum bætt við	
11	24.12.16	Reyndarteikning, Ýmsar smábreytingar	
12	14.11.16	Fellihurð bætt á norðurgafl	
13	02.03.22	Andyri stækkað	
14	11.12.22	Skrifstofur stækkaðar, lýsingu breytt	
15	17.02.23	SAMEINUÐ LÓÐ SÝND	

VERK
HRAÐFLUTNINGAR / FEDEX
SELHELLA 7 MHL 02, ÁÐUR SELHELLA 9

TEIKNING
Afstöðumynd, sneiðing og byggingarlýsing

KVARÐI
1:500 / 1:100

DAGS.
11.11.2022

TEIKNING NR.
0101

TEIKNAÐ AF
GJ

TEIKNING.IS
arkitektúr og skipulag
Hrauntunga 85
200 Kópavogur
gsm: 824 4555
Gunnlaugur Jónsson kt. 090462 2299
netfang: gunnlauguj@gmail.com